

Nd.

1081. Nefndarálit

[414. mál]

um frv. til l. um afhendingu Viðeyjar í Kollafirði.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Of lítið — of seint. Árið 1984 flutti undirritaður ásamt níu öðrum þingmönnum þingsályktunartillögu um endurreisn Viðeyjarstofu. Tillagan gerði ráð fyrir að Viðeyjarstofa yrði færð í upprunalegt horf svo að þar mætti stunda veitingarekstur og ráðstefnuhald. Verkinu átti að vera að fullu lokið fyrir 18. ágúst 1986 á tveggja alda afmæli höfuðborgarinnar. Það hefði verið sómasamleg afmælisgjöf til höfuðborgarinnar — við hæfi. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um að gefa höfuðborginni rústir í afmælisgjöf er hins vegar láγκúra — hvort sem það er við hæfi ríkisstjórnarinnar eða ekki. En ekki er það til sóma.

Minni hl. tekur ekki þátt í þessari hermdargjöf.

Alþingi, 22. apríl 1986.

Jón Baldvin Hannibalsson.